

Föstudaginn 19. maí 1967.

Nr. 202/1965. **Guðbergur Ingólfsson** (Áki Jakobsson hrl.)
 gegn
Vélsmiðjunni Héðni h/f
 (Kristinn Sigurjónsson hrl.).

Dómenður:

hæstaréttardómararnir Gizur Bergsteinsson, Benedikt Sigurjónsson, Einar Arnalds og Logi Einarsson og prófessor Magnús Þ. Torfason.

Skuldamál.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 26. nóvember 1965, að fengnu áfrýjunarleyfi 4. s. m. Krefst hann sýknu og að stefnda verði dæmt að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst þess, að áfrýjanda verði gert að greiða honum kr. 3.089.28 með 7% ársvöxtum frá 1. apríl 1965 til greiðsludags og að ákvæði héraðsdóms um málskostnað verði staðfest. Þá krefst hann málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Eftir uppsögu héraðsdóms hafa verið lögð fram nokkur ný skjöl, þar á meðal aðiljaskýrsla áfrýjanda, er hann hefur staðfest fyrir dómi. Einnig hefur framleiðsluverkstjóri stefnda, Torfi Þorsteinsson, gefið skýrslu fyrir dómi.

Hinn 26. október 1964 keypti áfrýjandi af stefnda rafknúinn hitablásara til fiskpurrrunar, er kostaði ásamt söluskatti kr. 11.161.90, og var andvirði hans greitt hinn 28. október 1964.

Taldi áfrýjandi blásara þennan gallaðan, frá því að hann fyrst fékk hann, en framleiðsluverkstjóri stefnda, Torfi Þorsteinsson, telur það ekki eiga að geta verið. Kveðst áfrýjandi hafa litið eftir blásaranum um kl. 0030 aðfaranótt 25. desember 1964 og segir hann þá hafa verið í gangi, en næsta morgun hafi svo ekki verið, enda reyndist rafall blásarans „yfir brunninn“. Áfrýjandi átti svo tal við Torfa Þorsteinsson, sem hann segir hafa ráðlagt sér að skila blásaranum

aftur og fá annan í staðinn. Kom áfrýjandi síðan blásaranum til stefnda, en kveðst ekki hafa sent hann þangað til viðgerðar, heldur skilað honum aftur, og fékk annan í staðinn, sem hann segir hafa reynzt vel, en af misgáningi hafi stefndi skuldfært hann í bókum sínum fyrir andvirði tveggja blásara að sama verðgildi auk viðgerðarkostnaðar hins bilaða blásara, kr. 3.089.28.

Torfi Þorsteinsson kveðst hafa innt áfrýjanda eftir því, hvort spennufall hefði getað orsakað bilun í blásaranum og segir áfrýjanda annað hvort hafa fullyrt, að svo hefði verið eða sagt, að það kynni að vera, en áfrýjandi kannast við, að á góma hafi borið, hvort spennufall hefði valdið biluninni. Kveðst Torfi Þorsteinsson hafa sagt áfrýjanda að senda blásarann til viðgerðar og jafnframt til athugunar á því, hvort hann væri gallaður, en áfrýjandi hafi þá sagzt þurfa að fá annan blásara, og segir Torfi, að sér hafi skilizt, að áfrýjandi vildi fá annan blásara til viðbótar, en ekki í stað þess bilaða. Áfrýjandi kveðst minnst þess að hafa tjáð Torfa, að hann mundi e. t. v. þurfa tvo blásara, ef hver blásari væri ekki afkastameiri en sá, er hann fékk fyrr.

Hinn 18. nóvember 1965 ritaði stefndi lögmanni sínum bréf og staðfesti samtál um, að skuld áfrýjanda væri aðeins kr. 3.089.28, þar eð honum hefði verið fært til tekna andvirði hitablásara, „sem hann lagði inn á verkstæði vort til viðgerðar“.

Mál þetta var þingfest á bæjarþingi Reykjavíkur 22. júní 1965, og var þá sótt þing af hálfu áfrýjanda, og fékk hann einnar viku frest til samningu greinargerðar. Þingað var næst í málinu í héraði viku síðar, 29. júní 1965, en þá var ekki sótt þing af hálfu áfrýjanda, og var málið tekið til dóms að kröfu lögmanns stefnda og héraðsdómur kveðinn upp 5. júlí s. á.

Með bréfi lögmanns stefnda, dags. 25. maí 1965, var áfrýjandi krafinn um greiðslu á kr. 14.251.18, þ. e. andvirði eins blásara, kr. 11.161.90, og viðgerðarkostnaðar, kr. 3.089.28, auk innheimtulauna, kr. 2.025.00. Kveðst áfrýjandi því hafa ljáð lögmanninum í síma, hvernig viðskiptunum með blás-

arann hefði verið varið og hafi hann þá lofað að athuga málavexti nánar, en engu að síður stefnt í málinu. Áfrýjandi kveðst svo hafa látið sækja þing fyrir sig við þingfestingu málsins, eins og áður getur. Hann hafi síðan átt tal við fulltrúa lögmanns stefnda og skilizt á honum, að hann mundi fella málið niður. Vegna þessa kveðst áfrýjandi ekki hafa látið sækja þing fyrir sig frekar vegna málsins og ekkert af því frétt, fyrr en honum var birtur héraðsdómurinn.

Þar eð þingsókn féll niður í héraði, eins og að framan greinir, og eins og málum er háttað, ber að taka kröfur stefnda til greina og dæma áfrýjanda til að greiða stefnda kr. 3.089.28 með 7% ársvöxtum frá 1. apríl 1965 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 3.500.00.

Dómsorð:

Áfrýjandi, Guðbergur Ingólfsson, greiði stefnda, Vélsmiðjunni Héðni h/f, kr. 3.089.28 ásamt 7% ársvöxtum frá 1. apríl 1965 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 3.500.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 5. júlí 1965.

Mál þetta, sem dómtekið var 29. júní 1965, hefur Vélsmiðjan Héðinn h/f, Reykjavík, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, birtri 12. júní 1965, gegn Guðbergi Ingólfssyni, Gerðum, Garði, til greiðslu skuldar að fjárhæð kr. 14.251.18 með 7% ársvöxtum frá 1. apríl 1965 til greiðsludags og málskostnaðar skv. taxta L. M. F. í.

Hina umstefndu skuld kveður stefnandi vera vegna loftræstiviftu, rafmótors og vinnu, sem stefnandi seldi stefnda skv. meðfylgjandi nótum, dags. 29/12 '64 og 31/3 '65.

Stefndi hefur látið sækja þing, en engum andmælum hreyft. Verður því samkvæmt 118. gr. laga nr. 85 frá 1936 að dæma málið eftir framlögðum skjölum og skilríkjum, og þar sem þau eru í samræmi við dómkröfur stefnanda, verða þær teknar til greina.

Málskostnaður ákveðst kr. 2.600.00.

Hrafn Bragason, fulltrúi yfirborgardómara, kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Guðbergur Ingólfsson, Gerðum, Garði, greiði stefnanda, Vélsmiðjunni Héðni h/f, kr. 14.251.18 með 7% ársvöxtum frá 1. apríl 1965 til greiðsludags og kr. 2.600.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 19. maí 1967.

Nr. 78/1967. **Josep M. Caravana**
Jimmie C. Thornton
John T. Brogan og
Edwin J. Marsh
 gegn
Ákærvaldinu og
X.

Dómsmenn:

hæstaréttardómararnir Gizur Bergsteinsson, Benedikt Sigurjónsson, Einar Arnalds og Logi Einarsson og Hákon Guðmundsson yfirborgardómari.

Kærumál. Eiðfesting vitnis.

Dómur Hæstaréttar.

Kærendur hafa samkvæmt heimild í 6. tl. 172. gr. laga nr. 82/1961 skotið máli þessu til Hæstaréttar með kærum 27. apríl og 5. maí 1967 og krafizt þess, að hinum kærða úrskurði verði hrundið og eiðvinning vitnisins X verði eigi látin fram fara.

Kærendurnir Joseph M. Caravana og John T. Brogan krefjast kærumálskostnaðar.

Saksóknari ríkisins krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði staðfestur og kærumálskostnaður lagður á kærendur.